

Listkennsludeild

Sviðslistir

Leitin að regnboganum

***Ferlið við sköpun sögusviðs, persóna og nýrrar
barnatónlistar með áherslu á hreyfiproska og valdeflingu***

Ritgerð til M.art.Ed prófs í listkennslu

Guðný Ósk Karlsdóttir

Vorönn 2021

Listkennsludeild

Sviðslistir

Leitin að regnboganum

***Ferlið við sköpun sögusviðs, persóna og nýrrar
barnatónlistar með áherslu á hreyfiproska og valdeflingu***

Ritgerð til M.art.Ed prófs í listkennslu

Einingafjöldi: 20 ETC

Guðný Ósk Karlsdóttir

Kt.: 040195-2979

Leiðbeinandi: Vigdís Lebas Gunnarsdóttir

Vorönn 2021

Útdráttur

Þessi ritgerð fjallar um sköpunarferlið á bak við gerð nýrrar barnasögu og sköpun barnatónlistar. Sögusviðið er Regnbogaland og leitin að regnboganum er þema sögunnar. Í henni lenda allir litirnir í ævintýrum við leit að regnboganum. Hver litur stendur fyrir ákveðinn eiginleika eða dygd. Leitin og ferðalagið á að sýna börnum mikilvægi hugrekksis, þakklætis, virðingar og hjálpssemi. Tónlist Regnbogalands, sem er samin af höfundi þessarar ritgerðar ásamt Mána Svavarssyni, er ætlað að fanga athygli barna, styrkja notkun þeirra á tungumálinu, virkja ímyndunarafl og efla hreyfifroska þeirra. Fjallað er um samstarf okkar Mána, uppbyggingu tónlistarinnar í Regnbogalandi, áherslur hennar og lagatexta.

Í ritgerðinni er fjallað um mikilvægi þess að gefið sé út íslenskt barnaefni sem eflir hreyfifroska, málþroska og eykur ímyndunarafl barna og efnið sé aðgengilegt foreldrum. Tónlist og dans mynda eina heild og börn sem fá kennslu í skapandi dansi eru virkir þátttakendur í því að nota ímyndunarafl og stjórna líkamanum í takt við það. Í ritgerðinni er skoðað mikilvægi þess að mennta börn í gegnum tónlist og dans og sjónum beint að mannkostamenntun. Dygðir og valdefling spila lykilþátt í ævintýri Regnbogalands. Í ritgerðinni eru skoðaðar aðferðir David Wood og Christopher Vogler, sem báðir hafa komið að handritsgerð að efni fyrir börn. Skoðað er hvað nýttist höfundi Regnbogalands við gerð sögunnar og við persónusköpun litanna í Regnbogalandi. Einnig er skoðað hvernig sagan byggist upp og hvernig áherslur um samstöðu, valdeflingu og dygðir fléttast saman við tónlistina en sagan og tónlistin haldast í hendur í ferðalaginu persónanna við að finna regnbogann. Að lokum er rætt um möguleika ævintýrisins um Regnbogaland í framtíðinni og hvernig höfundur hefur hugsað sér að halda áfram að miðla því sem sagan hefur fram að færa og opna augu fólks fyrir mikilvægi sköpunar í leik og starfi. Eitt er víst að leitin að regnboganum endar ekki hér.

Abstract

This thesis describes the creative process behind the creation of a new children's tale and music intended for children. The setting of the story is called Rainbow Land, where all the colours of the rainbow encounter various adventures in quest of the rainbow. Each colour represents a certain quality or virtue. The protagonists' journey should demonstrate the importance of courage, gratitude, respect and helpfulness. Rainbow Land's music, written by the author of this thesis in collaboration with Máni Svavarsson, is intended to grip children's attention, strengthen their use of Icelandic, activate their imagination and enhance motor development. The music development, its purpose and song texts, as well as the author's collaboration with Máni throughout the creation process will be described in further detail.

This thesis also discusses the importance of publication of Icelandic children's programmes that enhance both motor and language development, increase children's imagination while being accessible for parents. There is a strong relationship between music and dance and children who participate in a creative dance environment actively use their imagination and control their bodies in harmony.

In addition, the importance of educating children through music and dance is examined in this thesis, particularly Aristotelian Character Education. Virtues and empowerment are key elements in the Rainbow Land fairytale. David Wood's and Christopher Vogler's methods in screenwriting for children were considered in the creating process of the storyline and characterisation of the colours in Rainbow Land. With reference to their methods, the structure of the story as well as how emphasis on solidarity, empowerment and virtues intertwine with the music. After all, the characters' journey in the quest for the rainbow consists of the interaction of music with the storyline.

Finally, the future potential of the Rainbow Land story is discussed and how the author has envisioned sharing what the fairy tale has to offer with the world. Also, the author's goal is to raise awareness about creation being a vital part of children's education.

Formáli

Ég vil byrja á því að þakka Mána Svavarssyni fyrir að taka mér opnum örmum og gera verkefnið mitt að veruleika og glæða það lífi. Fyrir gæfuríkt samstarf og yndislegt sköpunarferli sem ég mun búa að um ókomna tíð. Þú hefur kennt mér ótalmargt og ég er afar þakklát fyrir þann kærleika og eljusemi sem þú hefur sett í verkefnið með mér. Mig langar einnig mig að þakka Arnari Dan Kristjánssyni, leikara og Bryndísi Guðjónsdóttur, söngkonu fyrir sínar einstöku raddir og að taka þátt í að móta persónur Regnbogalands með sínum listrænu hæfileikum. Sömuleiðis langar mig að þakka leiðbeinandanum mínum, Vigdísi Lebas Gunnarsdóttur, fyrir að hafa trú á mér frá fyrsta degi og hafa leiðbeina mér alltaf áleiðis í rétta átt svo að sköpun mín fékk að njóta sín. Mig langar að þakka Felix Bergssyni fyrir gott samtal í upphafi verkefnisins enda er hann mikill viskubrunnur þegar kemur að gerð barnaefnis. Einnig langar mig að þakka öllum frábæru kennurum Listkennsludeildar fyrir samveruna síðustu tvö ár og sérstaklega söngkennaranum mínum, henni Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur, fyrir yndislega leiðsögn og hvatningu síðustu ár. Að lokum langar mig að þakka yndislegu fjölskyldunni minni og vinkonum mínum fyrir stuðninginn, hvatninguna, yfirlestur og alla ykkar hlustun í gegnum árin mín í Listaháskólanum. Tónlistinni tileinka ég börnum og nemendum framtíðarinnar.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
1.1 Bakgrunnur minn	2
1.2 Markmið mín með nýju barnaefni	2
2. Að mennta börn í gegnum tónlist	5
2.1 Tónlist, tjáning og hreyfiproski	6
2.2 Sköpun og dans	7
2.3 Sjálfstraust og vellíðan barna	8
2.4 Mannkostamenntun og valdefling	9
3. Að skapa og semja verk fyrir börn	11
3.1 David Wood	11
3.2 Christopher Vogler	14
4. Regnbogaland verður til	16
4.1 Uppbygging sögunnar	17
4.2 Persónur Regnbogalands	19
4.3 Dygðirnar í Regnbogalandi	20
5. Tónlistin í Regnbogalandi	23
5.1 Máni gefur tónlistinni líf	23
5.2 Uppbygging laganna	24
Lokaorð	27
Heimildaskrá	30
Myndaskrá	31
Viðauki - Lagatextar	32

1. Inngangur

Við munum öll eftir því að hafa vaknað um helgar sem börn, farið upp í sófa með sæng og horft á barnatímamann í sjónvarpinu. Því yngri sem við vorum því líklegra var að við stæðum fyrir framan sjónvarpið og dilluðum okkar í takt við tónlistina eða hljóðin sem heyrðust frá því. Svo eru það öll dásamlegu ferðalögin í bílnum þar sem að fjölskyldan spilaði kassettur og geisladiska með sígildum ævintýrum og barnalögum og allir tóku undir. Árið 2021 er sagan önnur og margar ástæður fyrir því. Í dag erum við með mun fleiri tæki og tól til þess að nálgast barnaefni og börnin eru orðin klárari að finna sjálf efni að horfa eða hlusta á, í sjónvarpi eða snjalltækjum. Sú þróun hefur leitt til þess að börn horfa á erlent barnaefni fremur en íslenskt. Íslensk börn hafa auðveldara aðgengi að erlendu efni og enskan er alls staðar í kringum börn nú til dags (Bára Huld Beck, 2017). Ég tel að það sé mikil vöntun á nýju og góðu íslensku barnaefni. Hér áður fyrr var mikil áhersla lögð á að skapa íslenskt barnaefni eða talsetja efni að utan, með skýran tilgang fyrir hlustendur eða áhorfendur. Í dag er barnaefni framleitt á svo fjölbreyttan hátt meðal annars með útgáfu fyrir sjónvarp, bækur, hljóddiska og plötur.

Í lokaverkefninu mínu langaði mig að vinna að barnaefni sem ýtir undir að börn standi upp og hreyfi sig og lifi sig inn í tónlistina þannig að ímyndunaraflíð og sköpunarkrafturinn njóti sín. Viðfangsefni þessarar ritgerðar snýr því að ferlinu sem ég fór í gegnum við að búa til nýja barnasögu og nýja barnatónlist. Með þessu verkefni vildi ég þróa með mér þá hæfileika að geta búið til barnaefni og miðlað því áfram fyrir íslenskt samfélag. Leitin að regnboganum er þema barnasögunnar og í henni lenda allir litirnir í ævintýrum við leit að regnboganum sem ég mun koma til með að útskýra betur hér á eftir.

Að búa til tilfinningar og spennu hjá börnum við áhorf eða hlustun barnaefnis er ákveðin list. Það þarf að hafa mikið ímyndunarafl til þess að búa til barnaefni sem vekur áhuga þeirra. Ég tel mikilvægt að skapa nýtt efni sem virkjar börn bæði í söng og hreyfifærniþroska. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á því að sjá hvernig börn bregðast við tónlist og hvernig tónlistin og dansinn mynda eina heild. Í starfi mínu sem danskennari fann ég að það vantaði nýja íslenska barnatónlist, þar sem allir geta sungið með, líka í bílnum með fjölskyldunni. Vinnan á bak við gerð efnisins líki ég við ferðalagið mitt og ætla að deila því með ykkur.

1.1 Bakgrunnur minn

Frá því að ég man eftir mér hef ég alltaf verið syngjandi í bílnum með mömmu og pabba, ég söng oft en ekki frumsamda tónlist og svo öll lögin sem hljómuðu í útvarpinu. Ég var þekkt fyrir að syngja og dansa fyrir framan alla ef tækifæri gafst við misgóðar undirtektir. Tónlistin hefur alltaf verið stór hluti af mínu lífi. Ég byrjaði ung í tónlistarnámi þar sem ég æfði á píanó og söng en var einnig í kór í mörg ár. Sem lítil stelpa fór ég með mömmu í dansskólann hennar þar sem hún var nýútskrifaður danskennari og það má segja að ég hafi verið eins og lítill aðstoðarkennari með henni í vinnunni. Þegar ég var sex ára gömul byrjaði ég að dansa á listskautum sem krefst þjálfunar í listfengi. Þar lærði ég hversu mikilvægt samspil dans og tónlistar er þegar þú þarft að keppa með heilt keppnisatriði á aðeins tveimur mínútum sem segir sögu. Eftir ævintýrin á listskautunum skráði ég mig í jazzballettskóla og allar götur síðan hef ég verið að þroskast sem dansari og danskennari. Eftir framhaldsskóla útskrifaðist ég með BA tónlistargráðu frá Listaháskóla Íslands þar sem ég lærði klassískan söng og skapandi tónlistarmiðlun. Í starfi mínu sem danskennari hef ég lagt mikla áherslu á að vinna með ímyndunarafl barna og hvernig ég get lagt áherslu á tónlist, dans, tjáningu og sköpun. Á minni vegferð hef ég alltaf talað fyrir því að tónlist, dans og tjáning séu listform sem mynda eina heild. Einnig hef ég lagt ríka áherslu á það hvernig ég get byggt upp sjálfstraust nemenda svo þeir læri að hafa trú á getu sinni og læri að tala til sín á jákvæðan og uppbyggjandi hátt.

1.2 Markmið mín með nýju barnaefni

Það er afar mikilvægt að börn í dag alist upp við íslenskt barnaefni, en eins og ég nefndi í inngangi ritgerðarinnar hafa íslensk börn greiðari aðgang að erlendu efni og enskan er alls staðar í kringum börn nú til dags. Snjalltækjavæðingin hefur tekið yfir og aldrei hefur verið auðveldara fyrir börn að sækja sjálf í erlent efni. Streymisveitur á borð við YouTube og Netflix hafa náð yfirhöndinni og þar nálgast börn nánast einungis efni á ensku. Auðvitað mætti eiga umræður um það hvers vegna foreldrar fylgjast ekki betur með notkun barna á internetinu en er það ekki á ábyrgð okkar allra í samfélaginu að hafa framboð af íslensku barnaefni aðgengilegt. Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessorar í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands benda á að fyrstu árin eru börn mjög móttækileg fyrir því að læra tungumál og þá sérstaklega fyrstu sex árin. Mikilvægast af öllu sé samtalið og samskiptin sem barnið fái frá fólkinu í kringum sig. Þá telja þau mikilvægt að efla málörvun barna og að þau hafi góðar málfyrirmyndir (Bára Huld Beck, 2017). Nú eru rúmlega 10 ár liðin frá því að Alþingi lýsti opinberlega yfir stuðningi sínum við það að íslenskan yrði notuð

á öllum sviðum í samfélaginu og þar er fjallað um vægi íslensku í tónlistarmenningu landsins:

Segja má með nokkrum rétti að einn helsti vettvangur ljóðlistar í nútímasamfélagi sé á sviði dægurtónlistar. Það er því mikil óheillaþróun fyrir íslenska tungu ef svo fer fram sem horfir að enska þyki eðlileg og sjálfsgöð sem helsta söngmál íslenskra dægurtónlistarmanna. (Íslensk málnefnd, 2009)

Íslenska barnaefnið sem ég skoðaði meðan á ferlinu stóð eru aðallega barnaplötur og nokkrir söngleikir sem eru ætlaðir börnum. Það sem kom mér helst á óvart við ítarlega skoðun var að mest allt efnið var gefið út fyrir aldamótin. Þó voru nokkrar plötur sem komu út fljótlega eftir aldamótin og flesta söngleiki er hægt að nálgast á Spotify eða Storytel. Edda Heiðrún söng inn á barnaplötuna Barnaborg árið 1990 sem sló rækilega í gegn og Gísli Rúnar gaf út Algjör sveppur árið 1976. Þessar plötur, ásamt nokkrum öðrum, urðu mjög vinsælar og hafa markað stór spor í samfélaginu. Lögin af þeim hafa fengið að lifa áfram og munu örugglega koma til með að gera það um ókomna tíð. Ég átti frábært samtali við Felix Bergsson leikara í upphafi verkefnisins þar sem við töluðum um hvað þarf helst að hafa í huga við sköpun og útgáfu barnaefnis. Felix hefur gríðarlega mikla reynslu af útgáfu barnaefnis og í dag má nálgast nánast allt efnið hans og Gunna á öllum helstu streymisveitum, jafnvel þó að það hafi verið tekið upp fyrir aldamótin. Felix var sammála mér um að það væri vöntun á nýju íslensku efni. Við ræddum um hvað samfélagið vill heyra, þá einna helst börn, og hvernig sköpunarferlið getur verið mikilvægur hluti af því að efnið skili sér út í samfélagið. Hann ráðlagði mér að vera dugleg að ígrunda hugmyndir mínar og safna þeim saman svo að ég gæti fylgst með sköpunarferlinu þróast og valið það besta úr. Felix samdi og skapaði ævintýri um hundana og vinina, Trausta og Trygg. Hann talaði um að það hefði komið honum á óvart hversu vinsælt efnið varð. Greinilegt væri að börn hefðu áhuga á dýrum og að persónugera hluti sem eru ekki mannfólk. Börn vildu sjá uppákomur og viðbrögð og þetta samtali sem persónur ættu gætu hjálpað börnunum að halda athygli sinni að sögunni.

Ég útbjó efni með það að markmiði að vekja upp áhuga hjá börnunum á tónlistinni, sögunni og dansinum, en á sama tíma vildi ég ná að efla hreyfifærni þeirra og færni til að tileinka sér tónlist. Það sem einkennir gott barnaefni að mínu mati er að það hefur ákveðið markmið og fær áhorfendur til þess að hrífast með. Það þarf þó ekki að vera að markmiðið sé alltaf skýr fyrir áhorfandann en ómeðvitað þjálfar efnið ákveðna hæfileika eða færni hjá honum. Í upphafi verkefnisins fór ég að skoða og greina hvaða efni hefur sýnt fram á mesta áhorfið eða hlustun hjá börnum. Hvaða þema er í forgrunni og af hverju virkaði það svona

vel? Það muna flestir eftir því þegar að Latibær sló öll met og nýlega var Latibær valinn á listann yfir topp tíu bestu sjónvarpsþáttagerð í heiminum frá upphafi. Ég lagði upp með að skapa efni sem nær til barna og hefur jákvæðan boðskap. Þá er einnig mikilvægt að efnið sé aðgengilegt og að foreldrar geri sér grein fyrir hvað börnin horfa og hlusta á hverju sinni. Flestir foreldrar leyfa börnunum sínum að hlusta og horfa á barnaefni og því finnst mér mikilvægt að sá tími sé nýttur í vandað barnaefni.

Markmið verkefnisins er að ná til sem flestra barna og gera Regnbogaland að stað sem börn þekkja. Regnbogaland er staður sem einkennist af gleði, sköpun, ímyndun, áskorunum, fallegum samskiptum, tónlist og dansgleði. Mér fannst mikilvægt að hugsa hvernig ég gæti stuðlað að bættri sjálfsmynd barna með mínum lagatextum og einnig í sögunni um Regnbogaland. Ég velti því fyrir mér með hvaða hætti við getum ýtt undir vellíðan barna og hvaða möguleikar standi til boða með listum. Hvernig getur sagan mín kennt þeim dygðir, samvinnu, trú og aukið valdeflingu þeirra? Tónlistin fléttast saman við söguna og markmið hennar er að búa til nýja dansa og söngtónlist fyrir börn á aldrinum tveggja til átta ára. Til þess að gera verkefnið að veruleika leitaði ég til Mána Svavarssonar, sem býr yfir mikilli reynslu í að semja tónlist, þá sérstaklega fyrir börn, og hefur starfað við það síðustu áratugi. Ég kynnti Mána fyrir minni hugmynd að Regnbogalandi og lagði línurnar um hvernig lög ég myndi vilja hafa í verkinu. Markmiðið var að búa til tónlist sem endurspeglar karakterana og ævintýrin í Regnbogalandi og ég lagði upp með að það yrðu til fjölbreytt lög sem að passa vel inn í söguna. Markmiðið er að gefa þessa barnatónlist út svo að hún verði hluti af hlustun barna heima við, á leiksskólum og í íslenskri barnamenningu. Síðan er draumurinn að gefa út barnabók með tónlistinni og í leiðinni taka upp hljóðbók. Stærsta markmiðið er að setja upp söngleik með sömu yfirskrift og titill þessarar ritgerðar. Markið er sett hátt og ég trúir því að söguþráðurinn í Regnbogalandi muni koma til með að leyfa krökkum að láta sig dreyma og stefna hátt.

2. Að mennta börn í gegnum tónlist

Tónlist hefur ávallt skipað stóran sess í íslensku samfélagi. Þegar börn byrja í leikskóla læra þau meðal annars íslensk þjóðlög og íslensk barnalög sem kynslóðirnar á undan lærðu líka. Tónlist er menning og vettvangur fyrir rímur, dægurlög og dansa sem geta gengið á milli kynslóða í langan tíma. Tónlist snertir tilfinningar okkar og hefur bein áhrif á þær. Helga Rut Guðmundsdóttir tónmenntakennari og prófessor við Háskóla Íslands hefur meðal annars fjallað um tónlistariðkun á íslenskum leikskólum og mikilvægi tónlistar í aðalnámskrá leiksskóla. Áhersla á tónlist í aðalnámskrá hefur minnkað með árunum sem er virkilega dapurleg þróun. Í aðalnámskrá leikskóla frá 1999 var tónlist eitt af sex námsviðum, en í aðalnámskrá frá árinu 2011 kemur orðið tónlist aðeins fjórum sinnum fyrir. Í aðalnámskrá 1999 er þetta sagt um tónlist:

Leggja ber áherslu á að öll börn í leikskóla fái ríkuleg tækifæri til að njóta tónlistar og iðka hana. Helstu þættir í tónlistariðkun barna í leikskóla eiga að vera söngur, hreyfing, hlustun og leikur með hljóðgjafa. Leitast skal við að flétta tónlist inn í sjálfsprottinn leik barns, flétta þar saman hljóð, hrynjandi og hreyfingu.

Einnig er talað um að tónlistaruppeldi eigi að stuðla að auknum þroska barna hvað varðar hljóð, hreyfingu og hrynjandi. Þannig eigi börn að þroska með sér frumkvæði í túlkun á tónlist og skapandi tjáningu. Mikilvægt er að hreyfing og hrynjandi fái vægi eins og segir í aðalnámskrá 1999: „Barn tengir oft hljóð og tóna við reglubundnar líkamshreyfingar, það hreyfir sig eftir tónlist, snýr sér í hringi, ruggar sér og hoppar. Barni er eðlilegt að tengja raddhljóð við hreyfingu og hrynjandi. Margs konar hreyfingar barns í leik koma því til að söngla og syngja.“ Þannig nýta börn sér ósjálfrátt frjálsa túlkun, skapandi hreyfingar og að tjáð tilfinningar sínar og þau hughrif sem að tónlistin vekur hjá þeim við hlustunina. Því má segja að börn finni farveg fyrir tilfinningar sínar með hreyfingu og túlkun.

Ég tel að með því að efla bæði útgáfu í tónlist og dansi fyrir börn séum við að búa til mikilvægt efni fyrir leikskóla og fyrstu stigin í grunnskóla. Slík útgáfa getur aukið líkurnar á því að efnið skili sér inn á heimili barnanna og að þau verði líklegri til þess að biðja um að hlusta á lögina þar. Þar spilar líka inn í að efnið sé aðgengilegt foreldrum og þau viti hvar sé best að finna íslenskt efni fyrir börn. Tónlistin á að ýta undir að börn fái tækifæri til þess að dansa, nota ímyndunaraflíð og hún á einnig að fá þau til þess að syngja með og efla þannig orðaforða þeirra í leiðinni. Þess vegna er mikilvægt að gefa út íslenska barnatónlist sem stuðlar að þeim þáttum sem búið er að nefna hér.

Tónlist og málþroski barna eiga margt sameiginlegt. Tónlist eflir hljóðvitund barna og með henni er verið að þróa söng, rímur, hljóð og atkvæði. Það er afar mikilvægt að börn fái að njóta íslenskrar tónlistar, fái að hreyfa sig í takt við tónlistina sem þau hlusta á og efla þannig orðaforða sinn í leiðinni. Búið er að rannsaka tengsl milli málþroska og tónlistarkennslu barna sem sýnir fram á að orðanotkun, lesskilningur og sundurgreining hljóða eykst ef börn fá reglulega tónlistarkennslu, sem er einn af mikilvægustu þáttum í hljóðkerfisvitund barna. Rannsókn sem var gerð í tveimur grunnskólum í háskólabæ í Bandaríkjunum sýnir fram á þessi tengsl (Gomko, 2005).

2.1 Tónlist, tjáning og hreyfiþroski

Í B.A náminu mínu við Listaháskólann lauk ég Skapandi tónlistarmiðlun. Í lokaritgerðinni minni fjallaði ég um tengingu milli dans og tónlistar með áherslu á þroska barna. Það mætti því segja að undirbúningur fyrir meistaraverkefnið mitt sé löngu hafinn. Í B.A ritgerðinni minni fjalla ég um hversu stóran þátt tónlist og dans hafa spilað í nánast öllum menningarsamfélögum frá upphafi. Þar skrifa ég um hversu mikil virkni verður á skilningarvitum barna þegar þau syngja og dansa, einbeiting eykst og það losast um tilfinningar þeirra. Ýmsir rannsakendur hafa komist að því að tónlist eflir hreyfifærni barna og er talin vera áhrifaríkasta kennslutækið til þess að þroska slíka færni. Til þess að efla samhæfingu barna þarf hugur og líkami að vinna saman og því er afar mikilvægt að börn fái tækifæri til þess að dansa og syngja samtímis. Börn vilja uppfylla ákveðna þörf sem býr innra með þeim með því að athuga hvernig líkaminn hreyfist í rýminu sem þau eru í hverju sinni. Tóndæmi og lög sem innihalda texta þar sem börnum er sagt hvernig þau eiga að hreyfa ákveðna líkamsparta styrkja bæði grófhreyfingar og fínhreyfingar (MacDonald o.fl., 2013).

Í aðalnámskrá leikskóla (2011) er tekið fram að hvetja skuli börn til að tjá sig á fjölbreyttan hátt, meðal annars í gegnum leik, hreyfingu og tónlist. Þar segir að rækta skuli hæfileika barna til sköpunar og tjáningar í þeim tilgangi að:

- Styrkja sjálfsmýnd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannglegra samskipta.
- Skapa aðstæður fyrir börn til að leika sér svo að þau fái svigrúm fyrir ímyndunarafl sitt og sköpun.
- Starfshættir leikskóla eigi að hvetja börn til að tjá sig og hlusta á frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri.

Með því að efla tjáningu hjá börnum í gegnum leiklist læra þau að segja sögur og virkja spuna, persónusköpun og látbragðsleik. Líkami og hugur tengjast við að gefa sögum líf meðal annars í gegnum líkamstjáningu. Niðurstöður rannsóknar um hvort leiklist hafi áhrif á nám barna sem Ása Ragnarsdóttir og Rannveig Þorkelsdóttir gerðu árið 2010, gefa til kynna að leiklist virðist vera gagnleg fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál. Í gegnum leiklist geta nemendur fengið að spreyta sig á mismunandi hlutverkum í ólíku félagslegu samhengi sem getur verið lærdómsríkt fyrir börn og aukið málþroska þeirra. Þær benda meðal annars á þessar niðurstöður: „Þekking okkar á rannsóknum Podionzy auðveldaði okkur að skilja hvernig málþroski barna breytist og eykst þegar notaðar eru leikrænar aðferðir. Nemendur fara í hlutverk í leikrænu ferli, setja sig í spor ólíkra persóna sem kallar á fjölbreytta málnotkun“ (Ása H. Ragnarsdóttir og Rannveig B. Þorkelsdóttir, 2010). Einnig er áhugavert að benda á þá staðreynd að leiklist og aðrar listgreinar eru áhrifaríkir þættir í bættum námsárangri, hvatningu og áhuga nemenda bæði innan listgreina og í öðrum greinum (Sólveig Þórðardóttir, 2019).

2.2 Sköpun og dans

Sköpun er afskaplega stórt hugtak og er afar mikilvæg fyrir þann heim sem við lifum og hrærumst í, sérstaklega fyrir börnin okkar. Eins og fram kemur í aðalnámskrá gunnskóla (2013) eiga grunnþættir menntunar að birtast í öllu skólstarfi. Þættirnir eru: Sköpun, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti. Sköpunin er sá þáttur sem ég legg mesta áherslu á en um sköpun í aðalnámskrá (2013) er meðal annars bent á eftirfarandi þætti:

Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekkta og þar með auka þekkingu sína og leikni. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.

Þá er líka bent á mikilvægi sköpunarferlis í aðalnámskrá leiksskóla (2011). Í leiksskóla á að vera rými fyrir sköpunarferli og tjáningu þar sem börn njóta þess að vera virkir þátttakendur í skapandi ferli. Börn eiga að fá að kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum, læra texta og taka þátt í söng. Einnig er talað um að skapandi ferli eigi að gefa þeim frelsi til þess að finna ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti og tjá upplifun sína t.d. í tónlist, dansi og leikrænni tjáningu. Þegar börn rækta sköpunarkraftinn sinn eru skynfæri þeirra í hámarki og börnin upplifa sig lifandi sem aldrei fyrr að mati Ken Robinson, sem var þekktur fyrir að

taka upp hanskan fyrir sköpun og listir í skólakerfinu (Robinson, 2009). Þar að auki upplifa börnin núvitund við slíkar kennsluáferðir. Það er áhugavert í þessu samhengi að benda á það sem Guðmundur Finnbogason, heimspekingur, skrifaði um söng þegar hann var staddur í barnaskóla í Danmörku, nánar tiltekið í Jótlandi, og undirstrikar það hugmyndir Ken um mikilvægi þess að börn geri eitthvað skapandi og standi upp frá borðunum.

Börnin sátu við að reikna. Þar var lítið um líf. Þá tók kennarinn fiðluna sína ofan af veggnum og mundaði bogann. „Nú skulum við syngja dálítið,“ sagði hann. Börnin stóðu upp, og svo sungu þau ættjarðarkvæði. En þau umskipti! Þessi börn, sem áður sátu stúrin yfir reikningsbókunum, voru á svipstundu umbreytt. Augun tindruðu, brjóstin hvelfdust, bognuðu bökin réttu úr sér, eins og væru þau snortin af töfrasprotu, er færði líf út í hverja taug. (Guðmundur Finnbogason, 1903)

Börn sem fá kennslu í skapandi dansi eru virkir þátttakendur í því að nota ímyndunaraflíð og skilja og stjórna líkamanum í takt við það. Í skapandi dansi er ekkert rétt eða rangt, annað en í stærðfræði þar alltaf er ein rétt útkoma. Nemendur tengja líkama við sálina og virkja rýmisgreind, takt og tímasetningar (Joyce, 1980).

Í grunninn bætir dans líkamlegt ástand og eykur sýrefnisflæði til líkamans sem meðal annars hjálpar hjartanu og lungunum (MacDonald o.fl., 2013). Árið 2011 gaf Anne Bamford út skýrslu um list- og menningarfræðslu á Íslandi. Hún hefur verið í fararbroddi alþjóðlegra rannsókna um mikilvægi lista og sköpunar í námi og kennslu. Í skýrslunni kemur fram að um 95% þeirra sem stýra dansskólum telja að aðalhlutverk sitt vera að bæta vellíðan, veita ánægju og auka sjálfstraust nemenda. Að auka sköpunargáfu og þroska nemenda er líka mikilvægt markmið stjórnenda í dansskólum, en um 89% svarenda töldu það mikilvægt. Þá eru 81% sammála um að dans eigi að efla listræna færni (Bamford, 2011). Samkvæmt þessum niðurstöðum finnst mér því mikilvægt að við búum til efni fyrir börn sem ýtir undir að þau iðki dans af einhverju tagi.

2.3 Sjálfstraust og vellíðan barna

Börn þurfa að læra að byggja upp sjálfstraust sitt og bæta sjálfsmynd sína og því er afar mikilvægt að þau fái réttu tækin og tólin til þess. Ef við kennum nemendum okkar að hafa trú á sér, hrósa sér og öðrum, þakka fyrir það sem þeir hafa og trú á drauma sína, er það skref í rétta átt. Börn þurfa sjálfstraust til þess að elta drauma sína en líks sjálfstæði, frumkvæði og frjóa hugsun. Þetta helst allt í hendur. Þess vegna lagði ég ríka áherslu á það í sögunni um Leitina að regnboganum. Eins og Anne Bamford bendir réttilega á: „Listir hafa mismunandi merkingu fyrir fólk. Við þurfum fleiri frjóa og skapandi nemendur í framtíðinni;

fólk með sjálfstraust og reisu. Listir gefa ungu fólki sýn; gerir það framsýnt, samviskusamt og eykur sjálfstraust þess. Sjálfsm myndin styrkist og félagsþroskinn einnig“ (Bamford, 2011).

Í aðalnámskrá leikskóla (2011) kemur fram að hreyfing er börnum eðlislæg og getur stuðlað að vellíðan. Börn eiga að læra að tileinka sér hvíld, hreyfingu og almennt heilbrigða lífshætti. Með því að stuðla að því að börn fái að stunda hreyfingu getur það haft í för með sér bæði ánægju og lærdóm. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Viljum við sem þjóð ekki stuðla að því að efla unga fólk okkar til þess að tjá sig, eiga jákvæð samskipti, ýta undir að þau elti sína drauma og hafi sjálfstraustið í það? Í skýrslu Ann Bamford bendir fulltrúi skapandi starfsgreina á mikilvægan hlekk: „Grundvallartjáning og samræður vantar í íslenska skóla - standa upp og tala, tjá sig! Skólarnir letja fremur en hvetja til tjáningar af þessu tagi“ (Bamford, 2011).

2.4 Mannkostamenntun og valdefling

Heimspokingurinn Kristján Kristjánsson hefur verið talsmaður þess að kenna mannkosti og dygðir í staðinn fyrir að einblína á bóknám og verknám. Hann hefur lagt ríka áherslu á hversu mikilvægt það er að þjálfá siðferðisþroska fyrir daglegt líf og að það er ekki minna mikilvægt en að þjálfá færni og þekkingu.

Ein þeirra rannsókna sem stofnunin hefur gert snýr að siðferðilegum þroska unglinga. Þátttakendur voru 4.000 á aldrinum 14 til 15 ára. „Það komu margar skemmtilegar niðurstöður út úr þessu, t.d. kváðu þær niður tvær vinsælar flökkusögur hér í Bretlandi; annars vegar þá að það þurfi einkaskóla eins og Eaton til að ná árangri í að rækta mannkosti og dygðir, og hins vegar að þátttaka í íþróttum sé besta leiðin til þess. Niðurstaðan var að hvorug þessara breyta skipti máli. Eina sem var tölfræðilega marktækt var að nemendur sem skorðu hátt í siðferðisþroska væru þeir sem tækju þátt í leiklist utan skólans, kórastarfi og tónlist og svo alls konar góðgerðar- og líknarstarfi,“ segir Kristján, en vekur athygli á því að hér sé þó aðeins um fylgni að ræða, en orsakatengsl hafi ekki verið sönnuð. (Guðmundur Magnússon, 2007)

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, doktor í menntunarfræðum, talar um í grein sinni í Netlu (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017) að líta megi á siðferðis- og skapgerðamenntun (e. moral education) sem hluta í því að stuðla bæði að hamingju og farsæld nemenda. Árið 2014 var dygðalæsi fyrst sett fram. Hugtakið dygðalæsi felur í sér að geta lesið út úr aðstæðum þar sem krafist er siðferðilegrar dómgreindar. Einstaklingur þarf að vega og meta ólík gildi og síðan tekur hann siðferðislega afstöðu. Hægt er að greina hugtakið í tveimur skrefum. Fyrra skrefið snýst um að nemendur öðlist þann skilning sem þeir þurfa á siðferðislegum hugtökum. Þegar talað er

um siðferðisleg hugtök er t.d. átt við hugrekki, heiðarleika og þakklæti. Seinna skrefið felst síðan í því að nemendur geti beitt þessum hugtökum í raunverulegum aðstæðum. Hægt er að gera það með því að skrifa eða segja frá eigin reynslu og þannig ættu nemendur frekar að öðlast tæki og tól til þess að beita hugtökunum ef þau eru markvisst að ígrunda eigin dygðir og siðferðislega afstöðu (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017).

Siðvitið (g. fronesis) er lykildygðin, sem er hæfileikinn til að ígrunda og taka skynsamlegar ákvarðanir í ýmsum aðstæðum. Án siðvits lifum við stefnulausu og innihaldslitlu lífi. En siðferðilega dómgreind þarf að þjálf og skerpa. Við þurfum að læra að þekkja tilfinningar okkar, móta venjur okkar og viðhorf, til að geta tekið réttmætar ákvarðanir um líf okkar og annarra, jafnvel án mikillar umhugsunar. (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017)

Í grein Kolbrúnar kemur fram að Aristóteles taldi að dygðamenntun hafði ýmsa kosti. Manneskja sem fær að kynnast dygðamenntun mun öðlast hamingju og farsæld í lífi sínu frekar en sá sem kynnist ekki dygðamenntun. Nútímadygðasiðfræði er margbreytileg og horfir til dygðasiðfræði Aristótelesar en þó er búið að betrubæta hana. Hún sýnir fram á hve öflug dygðasiðfræði og dygðalæsi getur verið sem undirstaða skapgerðar- og siðferðismenntunar, það er að segja ef vel er að verki staðið. Kolbrún bendir á að Aristóteles hafi áttað sig á breysku eðli mannskepnunnar og hann hafi lagt mikið upp úr mikilvægi þess að þroska bæði skapgerð og persónuleika þannig að hægara yrði að feta hinn gullna meðalveg (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017).

Sá þroski er fjölbættur og tekur til þess að þroska tilfinningar, móta vana og efla skilning. Börn og ungmenni læra best af reynslunni, með því að njóta sjálfræðis og fá að tjá þá merkingu sem þau leggja í veruleikann. Ef við styðjum óformlegt nám, hvar og hvenær sem færi gefst, mun okkur takast að styrkja hina aristótelísku heildarsýn á menntun sem eflir bæði hugann og hjartað. (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017)

3. Að skapa og semja verk fyrir börn

Það hljómar eins og leikur einn að skrifa góða sögu sem ætluð er börnum enda hefur mikil gróska átt sér stað í útgáfu íslenskra barnabóka síðustu ár. Reynslan sem ég hef öðlast sem danskennari í gegnum tíðina hefur gefið mér góða innsýn í hvað börn hafa áhuga á að heyra. Ekki leið langur tími þangað til að ég áttaði mig á að það er ákveðin kúnt að skrifa góða barnasögu og margir þættir sem hafa þarf í huga ef framkvæma á slíka hugmynd. Sagan þarf að vera heildstæð, með tilgang og síðast en ekki síst þarf hún að vera grípandi. Ég ákvað strax í upphafi verkefnisins að ég þyrfti að kynna mér efni sem gæfi mér innsýn í hvaða eiginleika góð barnasaga þarf að hafa. Hvað er það sem hrífur börnin með sér? Bókasafnið kom sér einkar vel til þess að skoða og lesa barnabækur. Ég las ljóðabækur, vinsælar barnasögur og líka barnabækur sem voru fræðilegar. Í gegnum lesturinn og undirbúningsferlið sjálf var ég alltaf með það hugfast hvernig hægt væri að mennta í gegnum tónlistina, hreyfiproska og sköpun í leiðinni. Ná að búa til verk sem valdeflir börn í gegnum söguna. Til þess að átta mig betur á því hvernig væri hægt að byggja upp og búa til efni sem vekur athygli barna skoðaði ég sérstaklega tvær bækur sem fjölluðu um hvernig maður byggir upp góða sögu og ævintýri. Annars vegar bók David Wood, *Theatre for children* og *Ferð höfundarins* bók eftir Christopher Vogler. Báðir hafa þeir komið að handritgerð og samið ævintýri og verk fyrir börn.

3.1 David Wood

Í bókinni, talar Wood um reynslu sína sem handritshöfundur og leikstjóri til fjölda ára en David hefur samið þó nokkur leikverk og sögur fyrir börn sem slegið hafa í gegn í Englandi. Þar má til dæmis nefna verkið *The Gingerbread Man* sem var fyrst sett á svið árið 1976. Þrátt fyrir að ég sé ekki verið að búa til leikhúsverk fyrir börn í lokaverkefninu vil ég byggja upp sögu og tónlist með þau atriði í huga sem eru nauðsynleg að mati Woods. Einnig er markmiðið að miðla verkefninu áfram og því er afar mikilvægt að skilja hvað áhorfendur, þá börnin í þessu tilviki vilja sjá og heyra.

Hann bendir á þá staðreynd að fjöldi fólks átti sig ekki á því hverslags áhorfendur börn séu. Það er mikilvægt að hafa börnin í huga þegar farið er í að skrifa verk sem er ætlað börnum. Hann telur að handrit að sögu skuli vera ítarlegt svo að börnin fylgi eftir. Skrifin þurfa einnig að vera hreinskilin en mega líka fara á dýptina því börn elska góðar sögur sem eru ekki of einfaldar. Þær mega heldur ekki vera of flóknar og því þarf að feta hinn gullna meðalveg (Wood & Grant, 1997).

Hérna koma níu skref sem Wood setur upp í bók sinni og ég vann út frá við gerð sögunnar minnar.

NÍU SKREF Í ÁTT AÐ VERKI FYRIR BÖRN	MÍNAR HUGMYNDIR
Velja þema fyrir verkefnið	Regnbogaland. Litir, tónlist, dansar og valdefling.
Persónur / Hvað einkennir þær?	Stúlkan Ósk og allir litir regnbogans. (Sjá ítarlega í kaflanum um persónurnar.)
Saga / Hvað gerist í sögunni?	Lítill stúlka ferðast til Regnbogalands í draumi. Þar leitar hún að regnboganum sem hefur verið horfinn í langan tíma. Við þá leit kynnist hún persónum Regnbogalands og saman þurfa þau að yfirstíga ýmsar hindranir.
Uppbygging / Hvernig byggist sagan upp?	Sagan byrjar í heimi sem áhorfendur þekkja og regnboginn er horfinn. Ósk, 10 ára stúlka, ferðast til Regnbogalands í draumi og þar hittir hún alla liti regnbogans sem fara saman í ferðalag þar sem þau þurfa að sigrast á hindrunum og sínum eigin veikleikum. Þannig mynda þau sterka heild og að lokum birtir yfir Regnbogalandi og regnboginn birtist.
Hvað gerist í sögunni ? / Finna jafnvægi í tali og atburðarrás verksins.	. Samspil ferðalagsins og söngvanna spila hér lykilhlutverk svo að það sé jafnvægi í atburðarásinni. Þar þarf að tryggja að tónlistin brjóti upp söguna og búi til spennu.. Ég nota ólíkar hindranir sem eru sýnilegar eins og fljót, skógar o.s.frv. Persónur og áhorfendur þurfa að líkamna „aðferðir“ eða dansspor til að fleyta sögunni áfram.
Tungumál / Hvernig tala persónurnar, blær, tónn, rímur?	Allar persónurnar tala út frá einkennum hvers karakters. Í lögnum kemur sterklega fram tónn og blær hverrar persónu.
Tónlist / Hjálpar að halda sögunni gangandi og heldur flæðinu áfram.	Ég ákvað að nota tónlistina til þess að ýta undir ákveðin atriði í sögunni. Tónlistin byggir upp spennu í sögunni og leiðir þau oft í gegnum hindranir.

Töfrar / Töfrar leikhússins	Regnboginn er einkenni töfra í sögunni. Í Regnbogalandi geta töfrar átt sér stað. Dæmi: Glóey Gula getur glóíð.
Skýrleiki / Gengur sagan upp? Krefjandi skref þar sem allt þarf að smella saman.	Rauði þráðurinn í sögunni þarf að vera skýr og hann þarf að ganga upp til þess að sagan endi á þann hátt sem til er ætlast. Að lokum áttar hetjan sig á því hvers vegna regnboginn var horfinn og það birtir yfir öllu.

Wood talar um að börn og fullorðnir hafi ekki sömu kímniáfu. Börnum finnst margt fyndið sem fullorðnir eiga mjög erfitt með að gera grín að. Ef það er eitthvað sem að börnum finnst fyndið í sögunni er tilvalið að endurtaka það jafnvel þrisvar sinnum. Dæmi um það í Regnbogalandi væri t.d. atriði þar sem að Bella Bláa talar um hluti sem hún sér bláa þrisvar í röð, en í rauninni eru þeir ekki bláir og áhorfendur sjá að hún er að segja eitthvað sem að er vitlaust. Ástæða þess af hverju hún heldur að hlutirnir séu bláir er að hún er blá og sér allt með sínu nefi. Markmiðið væri að fá börnin til þess að hlæja og þarna væri hægt að eiga samtalið við þau og spyrja þau um rétta liti og þannig kenna Bellu í leiðinni. En það kallast beint á við það þegar Wood talar um að börn vilji fá að vera virkir áhorfendur eða hlustendur. Börn eru góð í að sýna viðbrögð og samsama sig því sem er að eiga sér stað í sögunni. Einnig vilja börnin að það sé jafnrétti í sögunni og þau eru óhrædd við að segja hvað þau eru að hugsa hverju sinni. Annar mikilvægur þáttur sem kallast beint á við það að valdefla börnin er að það sé ekki talað niður til þeirra í sögu eða handriti. (Wood & Grant, 1997)

Það kom mér á óvart við lestur bókarinnar að Wood telur að börn vilji láta hræða sig en þó einungis upp að vissu marki. Til að byggja undir hræðslu hjá börnum eru gjarnan búnar til aðstæður þar sem persónur eru að berjast upp á líf og dauða. David talar einnig um vinsældir dýra, leikfanga og lita við handrit sem ætluð eru börnum. Staðreyndin er einfaldlega sú að börn elska þessa hluti og af hverju ekki að nota eitthvað sem þú veist að muni virka?

Það sem kom mér hins vegar ekki á óvart þegar Wood benti á hversu fljót börn eru að herma eftir persónum, söng og hreyfingum sem þau horfa á og spegla þannig sem áhorfendur það sem er að eiga sér stað (Wood & Grant, 1997). Markmið mitt með tónlistinni er einmitt að fá börn til þess að herma eftir, tengja hljóðin og tóna við hreyfingar. Með því að mennta

börn í gegnum tónlist eiga þau að geta nýtt sér skapandi hreyfingar og tilfinningar við hlustun á tónlistinni. (Helga Rut Guðmundsdóttir, 2013)

Wood telur að við uppbyggingu sögu fyrir börn sé mikilvægt að hafa nokkra vendipunkta. Þannig geti nýjar persónur og endurkoma eldri persóna brotið upp söguna og fangað athygli barnanna á ný. Það að uppgötva eitthvað nýtt eða komast yfir hindrun breyti orkunni í sögunni. Þetta hafi ég í huga við uppbyggingu sögunnar minnar. Í Regnbogalandi eru litirnir alltaf að sigrast á misstórum hindrunum og ég lagði áherslu á að búa til spennu áður en þau komast yfir þær. Wood bendir á að það er fátt sem heillar börn jafn mikið og töfrar og því ákvað ég að hafa töfra í Regnbogalandi. Börn tengja oft við upplifanir sínar og ímyndunarafl barna er svo frjótt. Það er mikilvægt að gefa svigrúm fyrir ímyndunarafl barnsins og tengja það við söguna sjálfa (Wood & Grant, 1997). Með hugmyndir Wood að leiðarljósi setti ég upp spurningar til þess að hafa í huga við skrifin hjá mér og sköpunarferlið:

- Hvernig næ ég að efla ímyndunaraflið hjá börnunum?
- Hvernig get ég búið til draumaheim og ævintýri sem höfðar til þeirra?
- Hvernig tengi ég litagleðina í Regnbogalandi við persónur sögunnar?
- Hvernig get ég búið til lög sem fá þau til þess að sjá fyrir sér söguna?
- Hvernig get ég búið til spurningar sem ýta undir að börn velti fyrir sér dygðum eins og heiðarleika, hugrekki og samstöðu og fái þau til þess að skilja af hverju þær séu mikilvægir eiginleikar?

3.2 Christopher Vogler

Ferð höfundarins er bók eftir Christopher Voglers bókmenntafræðing en sérsvið hans eru ævintýri og goðsögur. Vogler hefur komið að kvikmyndahandritum fyrir flest stóru kvikmyndaverin í Hollywood, þar á meðal Walt Disney. Bókin byggir á verkum goðsögufræðingsins Josephs Campbell. Hún gefur okkur innsýn í þær aðferðir sem sagnaþulir eins og Steven Spielberg og George Lucas hafa beitt við að semja handrit, sögur og hvernig kvikmyndir þeirra endurspeglar goðsögulegan arf sem hefur gengið á milli kynslóða. Bókin afhjúpar leyndarmálið á bak við dulda mynstrið sem býr í goðsögum og varpar ljósi á líkamsbyggingu mannsálarinnar. Hún var því afar hagnýt fyrir ritsmíðarnar að Regnbogalandi þar sem að hún sýnir hvernig söguþráðurinn er byggður upp.

Orðið hetja er grískt og er dregið af rótinni: „Til að vernda og þjóna.“ Í ævintýrum er oftast ein hetja, sama hvernig hetja eða af hvaða kyni hún er. En um hlutverk hetjunnar segir Vogler: „Hlutverk hvernar hetju er að vera gluggi áhorfenda að sögunni. Sérhverri manneskju sem hlustar á sögu eða horfir á leikrit eða kvikmynd er boðið strax í upphafi að

samsama sig hetjunni og sjá söguheiminn með augum hennar.“ Hetjan þarf að hafa skýrt framvindu hlutverk í sögunni og mikilvægt er að vita hvaða sálareiginleika eða hluta af persónuleika hún muni standa fyrir. Hetjan er sú sem framkvæmir örlagaríkustu aðgerð sögunnar sama hversu stór eða smá sú aðgerð kemur til með að vera. Hún öðlast nýjan skilning og þroska á vegferð sinni. „Hetjur eru tákni fyrir sál á breytingaferli og fyrir lífsferð hvernar manneskju. Stig þessa ferlis, hin náttúrulegu stig lífsins og þroskans, mynda ferð hetjunnar“ (Vogler, 2012).

Ferðalag hetjunnar er margslungið og eru flest ævintýri byggð þannig upp að þau byrja í hinum venjulega heimi. Ævintýrið kallar á hetjuna en hetjan hafnar kallinu. Því næst fer hetjan á fund með rektor (útskýra) og kemst yfir fyrsta þröskuldinn í sögunni. Í leiðinni hittir hún félagi, óvini og þreytir ýmis próf. Því næst nálgast hetjan stærstu þrautina þar sem hún þarf stundum að vera tilbúin til þess að fóna lífi sínu. Að lokum sigrar hetjan og hlýtur verðlaun fyrir. Síðan liggur leiðin oftast til baka þar sem hún kemur heim með eldskírni. Á meðan að ævintýri stendur hittir hetjan oft persónur sem gegna ákveðnu hlutverki. Þessi hlutverk geta ýmist verið; félagi, boðberi, mentor, skuggi, vörður, grallari eða jafnvel æðra sjálf (Vogler, 2012).

Það sem vakti strax athygli mína í skrifum Voglers var þegar hann fjallar um hvernig saga getur haft áhrif á líkamleg viðbrögð hjá áhorfendanum. Vogler bendir á hið þekktu „kaþarsis“ Aristótelesar, þ.e. sú nautn sem kemur fram þegar fólk upplifir tilfinningalegan og líkamlegan létti eða „kaþaris“, sem getur komið upp við lestur góðrar sögu. Þannig geti saga haft áhrif á líffæri og líkama þess sem upplifi hana. Í bókinni kemur fram að hægt sé að vekja upp ótta hjá börnum, gleði eða jafnvel grát við það eitt að heyra sögu lesna upp úr bók. Þá séu einnig oft máluð upp skrímsli, óvinir eða hættuleg dýr til þess að skapa lífshættulegar aðstæður sem mynda spennu og hræðslu hjá börnum. Einnig bendir Vogler á áhugaverðan þátt í ferlinu en hann talar um að við séum öll kennarar hvers annars í þessu lífi sem er setning sem ég held að eigi vel við hér. Bókin kenndi mér aðferðir og færði mér tæki og tól sem ég nýtti mér við að byggja upp heildstætt ferðalag í gegnum Regnbogaland.

4. Regnbogaland verður til

Strax í upphafi verkefnisins var ég með þá hugmynd að búa til ímyndaðan heim sem ekki væri líkur þeim heimi sem við búum í. Þannig gæti ég opnað fyrir þeim nýjan heim. Sú ákvörðun hjá mér að láta ævintýrið gerast í Regnbogalandi bauð upp á töfrandi lausnir, ferðalag í gegnum landið og mikla litagleði í persónusköpuninni. Regnbogalandið sjálft varð upprunalega til út frá hugmyndinni minni að söngtitlinum „Dansað í kringum regnbogann.“ Ég hafði skrifaði hjá mér nokkrar tillögur að söngtitlum og þessi titill var sá sem heillaði mig langmest frá upphafi. Í hinum raunverulega heimi er ómögulegt að dansa í kringum regnbogann og því fannst mér tilvalið að búa til leið til þess að það gæti gerst í ákveðnum draumheimi eins og Regnbogaland kæmi til með að vera. Hugmyndir að nafninu þróaðist í gegnum ferlið frá því að vera Litaland og Undir regnbogann yfir í Regnbogaland.

Í kjölfarið kynnti ég mér hvaða barnaefni væri til sem fjallaði um regnbogann og skoðaði meðal annars lög sem innihéldu orðið regnboginn. Þá kom í ljós að það var ekki búið að gera mikið af barnaefni um regnbogann, a.m.k ekki á Íslandi. Ekkert var því til fyrirstöðu að halda áfram með þemað um regnbogann. Regnboginn getur táknað svo margt fallett, litina, jafnrétti, fjölbreytileika, töfra, veðrið, gleðina og drauma. Ég byrjaði á að reyna að sjá fyrir mér stað þar sem ferðalag stúlkunnar við leitina að regnbogannum gæti gerst.

Regnbogaland tók smátt og smátt á sig mynd og eignaðist hver litur regnbogans lítinn samastað. Hér má sjá fyrstu myndina sem ég teiknaði af Regnbogalandi og ég vann söguna út frá henni. Mér þykir ótrúlega vænt um fyrstu myndina af Regnbogalandi en heildarmyndin þróaðist í gegnum þetta myndærna ferli.



Mynd 1 - Regnbogaland fyrstu drög

Þegar ég gat horft á myndina af

Regnbogalandi fór ég að taka hugmyndina lengra. Hvernig færi ég að því að skapa söguvið sem ýtti undir valdeflingu og tjáningu og hvernig gæti ég samið texta og tónlist sem myndi efla hreyfifærni barna?

Ég vildi leggja áherslu á að persónur Regnbogalands væru ekki að upphefja sig á kostnað annarra. Saman styrkja þau hvert annað og það er samstaðan sem leiðir þau í gegnum hindranirnar í sögunni. Það sem Regnbogaland þarf að ná að fanga er hugsunin um að allir mega vera eins og þeir vilja og að allir þurfa að takast á við sínar eigin áskoranir. Litirnir sýna hver öðrum þá virðingu sem þeir eiga skilið en átta sig á að fjölbreytileikinn er líka mikilvægur í samfélagi. Í Regnbogalandi tala litirnir aldrei illa um annað fólk og enginn stjórnar landinu eða er æðri öðrum. Þó að Vogler tali um að það sé afar algengt í ævintýrum að þessa virðingu skorti þá fannst mér það ekki eiga við um Regnbogaland.

Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu meðal annars á holla næringu, slökun, jafnvægi þegar kemur að tilfinningu, jákvæð samskipti, félagsleg tengsl, umhyggju og fjölbreytta hreyfingu. Í einum lagatexta Regnbogalands kem ég inn á það í sögunni hvers vegna hvíld er mikilvæg. Út frá því bjó ég til vögguvísu og hér má sjá brot úr textanum úr laginu Næturljóð:

Sækjum styrk inn í nóttina

Þökkum fyrir það

Á morgun förum við á kreik

Á morgun **verum hvergi smeyk**

Á morgun sofum vært og rótt

Á morgun **við skulum sofa í alla nótt**

4.1 Uppbygging sögunnar

Sagan segir frá 10 ára stúlku sem heitir Ósk. Sagan hefst heima hjá henni þar sem búíð er að vera grenjandi rigning í marga daga og því er hún ekkert búin að fara út að leika sér. Ósk er með aðstöðu fyrir dansæfingar heima hjá sér en hana dreymir um að verða dansari. Í fréttatíma kvöldsins hljóma síðan þær fregnir að ekki hafi sést til regnbogans í óratíma, þá sé ekki líklegt að það muni sjást til sólar á næstunni. Ósk syngur um að hún ætli að finna regnbogann á meðan hún horfir á stjörnurnar áður en að hún fer að sofa. Í draumi ferðast hún til Regnbogalands, en þangað hefur hún aldrei komið áður.

Þegar Ósk er komin til Regnbogalands hittir hún Glóeyju Gulu, litla veru sem býður hana velkomna til Regnbogalands en hún er afar brosmild og hlý. Glóey spyr hvort að Ósk

sé komin til þess að finna regnbogann. Ýmsar spurningar hafa vaknað um hvar hann haldi sig og hafi margir látið á það reyna að finna hann en alltaf gefist upp. Engin svör hafa fundist og er því ekki nema von að allir bæjarbúar Regnbogalands séu orðnir afar óþreyjufullir og þreyttir á því að fegurð litanna hafi ekki sést hjá þeim í svo langan tíma. Regnboginn setti ávallt svip sinn á landið og veitti innblástur og gleði. Síðan hann hvarf hafa litir landsins byrjað að dofna og allir haldið sig við sitt heimaþorp. Þær ákveða að finna regnbogann í sameiningu og fá aðra liti landsins sér til aðstoðar. Glóey þekkir leiðina að hinum litum landsins en segir Ósk að það séu ótal hindranir á leiðinni. Eina leiðin til þess að finna regnbogann sé að komast yfir fljótið því að þar séu Aría og Frosti.

Á ferðalagi sínu í leit að regnboganum hitta Ósk og Glóey alla hina liti regnbogans og takast á við áskoranir, hindranir og gleði saman. Fyrst hitta þær Rabba rauða sem er búinn að koma sér vel fyrir við varðeld og ætlar að halda kvöldvöku. Eftir að Ósk og Glóey sannfæra hann um að halda leitinni áfram að regnboganum með þeim syngur Ósk þau í svefn. Því næst komast þau að Töfraskóginum en þar þurfa þau á hjálp Grettis græna að halda. Skógurinn er fullur af dýrum og því er mikilvægt að villast ekki af leið. Þau komast fagnandi í gegnum skóginn og því næst labba þau að brúnni sem fer yfir fljótið. Rétt áður en þeim tekst að leggja af stað yfir brúna kemur Bella bláa hlaupandi að þeim. Hún varar hópinn við því að fara yfir brúna enda viti hún að það geti reynst hættulegt að labba yfir eldgamla brú. Hópurinn sannfærir Bellu um að synda með þeim yfir fljótið og að hugrekki sé allt sem þarf. Þegar þau komast yfir þá hindrun og upp á bakkann hinum megin tekur Aría appelsínugula fagnandi á móti þeim. Enginn hefur látið sjá sig hinum megin við fljótið síðan að regnboginn hvarf en hún hefur þó séð Frosta fjólubláa bregða fyrir einstaka sinnum ansi fúlan á svip. Hópurinn, sem nú samanstendur af öllum litunum nema Frosta, finnur hann fyrir utan snjóhúsið hans. Hann fullvissar þau um að hann hafi leitað að regnboganum en ekkert fundið svo þau hljóti að vera að skrökva að honum. Hópurinn reynir að fullvissa hann um að nú þurfi hann að brosa og ganga til liðs við þau, hann sé þeirra eina von. Að lokum fá þau Frosta til þess að brosa og allt byrjar að þiðna og sólin birtir yfir. Ósk sér nú alla litina standa saman sem eina heild, búin að sigrast á öllum hindrunum sögunnar og bendir þeim á að saman myndi þau regnbogann. Regnboginn birtist aftur yfir landinu og þau dansa saman í kringum hann. Þegar að Ósk vaknar áttar hún á sig að það stytti alltaf upp og að hennar draumar geti orðið að veruleika.

4.2 Persónur Regnbogalands

Mikilvægt er að allar persónur í sögunni séu með ákveðna eiginleika sem einkennir hvert og eitt þeirra. Eins og Wood talar um geta persónur skipt sköpum þegar unnið er að verki fyrir börn (Wood & Grant, 1997). Ef persónurnar eru með skýran tilgang og hafa sérstakan blæ er líklegra að börnin tengi við þær. Fyrsta verkefnið sem snéri að persónusköpuninni var að gefa þeim sterk nöfn. Ég nýtti mér leiðbeiningar Woods um að hafa nöfnin sterk og í barnaverkum er vinsælt að hafa upphafsstaf einkennis persóna þann sama og upphafsstaf nafnsins, eins og t.d. Benedikt búálfur, Glóey gula og Guffi grín. Ég ákvað því að gefa persónunum nafn með sama staf og þeirra einkennislitar. Ég vildi finna nafn sem væri líka einkennandi fyrir persónurnar eins og Frosti fjólublái, hann er búinn að frysta allt þegar að litirnir hitta hann og því passaði nafnið afar vel hans einkenni.

Því næst skoðaði ég einkenni hvers litar fyrir sig og hvað þeir standa fyrir. Gulur táknar sólskinið, gáfur, gleði og hamingju. Rauður táknar orkuna, eldinn, tilfinningar og ást. Grænn stendur fyrir náttúruna, vöxt, öryggið og er róandi litur. Blár stendur fyrir traustið og táknar hafið og himininn. Appelsínugulur er litur sköpunar og hvatningar og fjólublár táknar sjálfsvirðingu, völd og galdra (Áhrif Lita, e.d.).

Í kjölfarið fór ég að hugsa um hvað einkennir hetjuna í sögunni en samkvæmt Vogler er afar mikilvægt að leggja línurnar fyrir hana. Bæði varðandi bakgrunn hennar og hvað sé ætlast til af henni í sögunni (Vogler, 2012). Ég sá fyrir mér stelpu sem að hefur stóra drauma en er einmana og veit ekki hvernig hún getur eflt draumsýn sína.

Brené Brown, rannsakandi, talaði í frægum fyrirlestri um mikilvægi þess að mannfólkið þurfi að tengjast öðru fólki og að allir þrá að finna fyrir tengingu við aðra, sama hvað. Það er algengt að fólk hugsi með sér að það sé ekki nógu gott, eða ekki nógu klárt og er hrætt við að verða útskýfað vegna þess. Fólk sem sýnir hugrekki er það fólk sem er óhrætt við að vera fullkomlega ófullkomið. Í dag snúast margar umræður sem eiga sér stað um að einstaklingar þurfi að sanna fyrir öðrum að þeir hafi rétt fyrir sér og allir aðrir hafi rangt fyrir sér (Brown, 2010). Mér fannst því mikilvægt að tengja þetta við mikilvægi dygðamenntunina. Brown talar um mikilvægi þess að æfa þakklætið sem kallast beint á við dygðirnar í Regnbogalandi (Brown, 2010). Hver persóna í Regnbogalandi er með veikleika og hetjan, Ósk, bendir litunum á veikleika sína og hvernig sé hægt að horfast í augu við þá. Hvað eru þeir að reyna að fela eða eru ómeðvitaðir um að sé veikleiki þeirra. Mér fannst mikilvægt að persónurnar ættu ekki að traðka á hver annarri í sögunni og allar tilfinningar

ættu rétt á sér. Allar persónurnar þurfa að finna sína leið og það geta allir villst eða farið mislanga leið að markmiðinu.

4.3 Dygðirnar í Regnbogalandi

Börnum á að finnast þau verðug í leik og starfi og þess vegna langaði mig að ná því fram í sögunni með því að leggja áherslu á dygðirnar í Regnbogalandi. Eins og kom fram í kaflanum um mannkostamenntun er dygðalæsi það að geta lesið úr aðstæðum sem krefjast siðferðislegrar dómgreindar. Siðferðisleg hugtök eru einmitt þær dygðir sem að ég ákvað að vinna með í Regnbogalandi eins og hjálpssemi, hugrekki, hógværð, þakklæti, samkennd og virðing. Einstaklingur sem fær að kynnast dygðamenntun er líklegri til að öðlast hamingju og farsæld í lífi sínu frekar sem á þess ekki kost (Kolbrún Þ. Pálsdóttir, 2017). Persónurnar læra meðal annars að beita siðferðislegri dómgreind sinni í þeim aðstæðum sem þær lenda í og dygðirnar koma til með að kenna þeim að takast á við aðstæður sem að þau lenda í við leitina að regnboganum. Dygðirnar munu valdefla persónurnar og smátt og smátt byggist upp hvetjandi umhverfi í sögunni þar sem dygðirnar vinna saman. Í gegnum söguna er mismunandi hvernig farið er að því að miðla dygðarlæsinu áfram. Gróf atburðarás sögunnar er tilbúin og ætla ég að fjalla um hvaða hlutverk dygðirnar spila í henni. Lagatextar og tónlistin tala auðvitað sínu máli og munu koma til með að haldast í hendur við samtölin og atburðina sem eiga sér stað á undan lögunum.

Þegar Rabbi rauði hittir Ósk í fyrsta skipti sýnir hann henni ekki þá virðingu sem hún á skilið. Hann á erfitt með treysta fólki og þess vegna finnst honum ótraustvekjandi að það sé komin stúlka til landsins sem hann hefur aldrei séð áður. Ósk bendir honum á að það sé mikilvægt að sýna öllum virðingu. Með því að vingast við Ósk, þó að hún sé ekki alveg eins og hann, lærir hann að virðing skiptir sköpum í samskiptum.

Á undan laginu Næturljóð sitja Rabbi rauði, Glóey gula og Ósk við varðeldinn. Ósk bendir þeim á mikilvægi þess að þakka alltaf fyrir þrjá hluti eftir hvern dag áður en þau fara að sofa. Ósk segir þeim að prófa að leggjast niður og horfa á stjörnurnar meðan þau þakka fyrir það sem að gekk vel hjá þeim í dag við leitina að regnboganum.

Þegar litirnir hitta Gretti græna er hann falinn í felulitum náttúrunnar en Ósk stígur óvart á hann þegar þau nálgast skóginn. Það er ekki fyrr en Gretti verður ljóst að þau eru að leita að regnboganum, og þurfi því að komast í gegnum skóginn, að hann samþykkir að hjálpa þeim. Á ferðalaginu í gegnum töfraskóginn finnur hann fyrir gleðinni sem fylgir því að leiða hópinn með hjálp sinni klakklaust á leiðarenda.

Þegar litirnir eru komnir að fljótinu eftir ævintýrið í gegnum töfraskóginn þarf Bella bláa að sýna fram á hugrekki. Manneskja sem sýnir fram á hugrekki samkvæmt Brené Brown er manneskja sem þorir að gera mistök (Brown, 2010). Bella bláa þorir ekki yfir fljótið vegna þess að hún er hrædd við að gera mistök með því að ná ekki að synda með hinum litunum og ná ekki að komast yfir á hinn bakkann. Ósk segir henni að það upplifi allir einhvern tímann að óttast mistök en það sé líka það sem að styrki mann í gegnum lífið. Ósk bendir henni á að það sé mikilvægt að vera hugrökk og ef hún komist ekki yfir fljótið strax, þá sé alltaf hægt að reyna aftur. Eða eins og segir í laginu *Yfir fljótið*: „Sýnum hugrekki, já ég og þú.“ Það er hægt að kenna hugrekki og þú getur lært að beita því (Brown, 2010).

Aría appelsínugula tekur fagnandi á móti hópnum hinum megin við fljótið. Hún er afar fegin að sjá litina og Ósk, enda er hún búin að vera ein með sjálfri sér síðan regnboginn hvarf. Aría er einstaklega skapandi og lífsglöð persóna, hún hugsar í lausnum og er með opinn huga. Lífsgleði hennar er einstök þrátt fyrir mikla einveru og hún sýnir litunum og Ósk hvað hún hefur verið að fást við í umhverfi sínu síðan regnboginn hvarf. Hún leiðir hópinn áfram áleiðis að Frosta en með því sýnir hún frumkvæði við að skapa leið að honum vegna hindrunarinnar sem hann er búinn að koma fyrir. Víðsýni og lífsgleði sem eru hennar dygðir fá því að njóta sín.

Að lokum þegar hópurinn er kominn að síðasta litnum, Frosta fjólubláa, reyna þau að fá hann til þess að brosa en það gerir hann alls ekki. Þau fullvissa hann um að hann verði að koma með þeim að finna regnbogann en til þess verði hann að brosa, eitt bros geti dimmu í dagsljós breytt. Á endanum fær hópurinn hann til þess að brosa þegar Ósk bendir honum á að brosið búi innra með honum. Frosti finnur fyrir samkennd og samstöðu hópsins en hann hefur verið aleinn frá því að regnboginn hvarf.

Glóey Gula / Dygð: Þakklæti

- Mjög glaðvær í gegnum söguna
- Glóir í myrkri
- Veit meira en hún heldur
- Lærir að hlutirnir eru ekki sjálfsagðir og hvernig þakklæti getur hjálpað.

Rabbi Rauði / Dygð: Virðing

- Mjög orkumikill
- Treystir ekki hverjum sem er
- Mikill húmoristi
- Lærir að sýna Ósk virðingu og beita henni í aðstæðum sem krefjast þess.

Grettir Græni / Dygð: Hjálpssemi

- Grettir er glettinn persóna
- Getur falið sig með felulitum
- Leiðir þau í gegnum Töfraskóginn
- Hugsar vel um náttúruna
- Lærir af hverju hjálpssemi getur skipt sköpun við leitina

Bella Bláa / Dygð: Hugrekki

- Bella bláa er elsti liturinn
- Er með fullkonnunaráráttu
- Er heilluð af öllu sem er blátt
- Vill ekki að hópurnir geri mistök með að fara yfir fljótið
- Lærir að sýna hugrekki til þess að fara yfir fljótið

Aría Appelsínugula / Dygð: Víðsýni og lífsgleði

- Skapandi persóna sem hugsar í lausnum
- Dreymandi og syngur mikið
- Hópurinn laðast að sköpunarkrafti hennar og lífsgleði þrátt fyrir að hún hafi verið ein
- Hún er fyrirmynd og töfrar fram leið að Frosti með víðsýni sinni

Frosti Fjólublái / Dygð: Samkennd

- Mjög þrjóskur einfari
- Neitar að vinna með hópnum
- Búinn að frysta allt í kringum sig vegna fýlu sinnar
- Lærir að samstaða skiptir sköpum og finnur til samkenndar með litunum

5. Tónlistin í Regnbogalandi

Strax í upphafi verkefnisins vildi ég leita að innblæstri og fá hugmyndir frá fólki sem hefur verið í sömu sporum. Ég þurfti ekki að hugsa langt til þess að finna einn reyndasta barnatónlistarhöfund í bransanum, Mána Svavarssyni. Ég man vel eftir fyrsta fundinum okkar Mána sem fór fram í stúdíóinu hans í Garðabæ. Í þeirri heimsókn sagði ég honum frá hugmyndinni minni og að mig langaði til þess að skapa nýtt efni fyrir börn og að ég væri með hugmynd að sögu sem ætti eftir að byggja upp. Draumurinn væri að gefa út plötu með nýjum barnalögum. Ég vildi að sjálfsgöðu fá að heyra hans reynslusögur en fyrst og fremst fá leiðbeiningar um hvernig ég gæti gert söguna betri og búið til tónlist út frá sögunni. Tónlist með ákveðnu markmiði og sem væri sterk viðbót í alla barnalagaflóru Íslands. Hljóðheimurinn á að höfða vel til yngstu kynslóðarinnar þar sem að hljóðfæri og hljóð úr öllum áttum koma saman. Máni lagði upp með að hafa harmonikkur og strengi í bland við töfrandi hristur, bassa, píanó, raddir og svo mætti lengi telja. Allar upptökur fóru fram í stúdíóinu hans Mána en þar gerast töfrar.

5.1 Máni gefur tónlistinni líf

Máni Svavarsson á ekki langt að sækja tónlistarhæfileika sína enda kemur hann af miklu tónlistarfólki. Móðir hans var Ellý Vilhjálmsdóttir söngkona og faðir hans Svavar Gests, tónlistarmaður. Máni byrjaði ungur að spila í hljómsveitum en leiðist síðan fyrir tilviljun út í að semja barnatónlist þegar Magnús Scheving byrjar Latabæjarævintýrið árið 1996. Síðan þá hefur Máni notið mikilla vinsælda fyrir tónlist sína sem hann vann fyrir Latabæ og meðal annars verið tilnefndur til Emmy verðlauna. (Máni Svavars tilnefndur til Emmy-verðlaunanna, 2007). Undanfarin ár hefur hann meðal annars samið fyrir hina geysivinsælu barnapætti Teletubbies og Peppa Pig. Í þeim verkefnum hefur hann fengið að skapa töfrandi tónlist meðal annars fyrir leiksýningar í Bretlandi þar sem hann nær til barna með töfrandi tónum og takti.

Fyrsta samtalið okkar Mána er dýrmætt og átti eftir að leiða af sér ferðalagið okkar saman, það mætti líkja Mána við mentorinn minn eins og Vogler talar um í *Ferð höfundarins* (Vogler, 2012). Það sem hann kenndi mér var að setja söguna upp í ferðalag því það virkar oftast spennandi fyrir börnin. Máni fékk mig til þess að hugsa út fyrir boxið. Hvað finnst börnum merkilegra en okkur fullorðna fólkinu? Er regnboginn kannski týndur? Stal einhver litunum? Er fjársjóður í sögunni? Einnig benti hann mér á þær kenningar sem má lesa um í *Ferð höfundarins*, það er að hugsa um eina hetju, aðstoðarmann og einn óvin (Vogler, 2012).

Hann kenndi mér að koma því að í lögunum og sögunni sem að mér þykir merkilegast. Máni er mikill viskubrunnur þegar að kemur að tónsmíðum. Ég er afar þakklát fyrir að hugmynd mín hafi fengið byr undir báða vængi með samstarfi okkar í gegnum þetta ferðalag í leit að regnboganum.

5.2 Uppbygging laganna

Þegar ég og Máni komum saman í annað skipti að ræða tónlistina fyrir Regnbogaland töluðum við um að það væri gaman að láta söguna byrja með upphafsstefi sem myndi setja tóninn fyrir leitina að regnboganum. Mér hefur alltaf fundist heillandi þegar það er til stef sem tilheyrir ákveðinni sögu og var þetta því hugsað sem slíkt. Þannig er hægt að gefa hlustendum tilfinninguna um að ævintýri sé í vændum.

- Lag 1 – Upphafsstef

Í upphafsstefinu er ekki söngur en samt sem áður á lítið samtal sér stað sem gerir lagið jafnvel meira spennandi fyrir börnin. Lagið fær að njóta sín í byrjun áður en Ósk byrjar að tala. Þannig að ef börn horfa á leikrit með laginu fá þau góðan tíma til þess að átta sig á hvað er að gerast áður en samtalið á sér stað á sviðinu. Samtalið er þannig uppsett að Ósk byrjar á því að heilsa krökkunum og segja þeim að regnboginn sé týndur, en að þau geti hjálpað henni að leita að honum. Áður en lagið heldur áfram segir hún: „Finum regnbogann saman.“

Laglínan er skemmtileg og það er töfrandi yfirbragð yfir henni út lagið. Stefið byggist skemmtilega upp með mismunandi styrkleikabreytingum. Í lokin koma síðan töfrandi hljóð sem gefa börnunum tilfinninguna fyrir þeim heimi sem að við viljum að þau sjái fyrir sér. Heimi sem að þau eru að fara stíga inn í við hlustun og þannig geta þau strax byrjað að ímynda sér og sjá fyrir sér ævintýrið áður en að ferðalagið hefst inn í Regnbogaland.

- Lag 2 – Regnbogann finnum

Í upphafi sögunnar lætur Ósk sig dreyma um að geta dansað í kringum regnbogann en enginn í kringum hana telur að sá draumur geti orðið að veruleika. Hún veltir fyrir sér hvar hann geti verið og hvort að draumar hennar komi til með að rætast einn daginn. Ósk syngur lagið inn í herberginu sínu þegar það er orðið ljóst að regnboginn er týndur. Stúlkan setur það fram að hana langi til þess að finna hann og hún syngur til alheimsins um hvar hann geti verið og sömuleiðis að hún ætli að finna hann, sama hvað. Í textanum tengir hún við krakkana sem að eru að hlusta og gefur það til kynna að saman geti þau fundið regnbogann.

Það er gaman að segja frá sögunni bak við laglínuna í þessu lagi en hún varð til þegar að ég tók ákvörðun um að fylgja hjartanu og búa til nýtt verk fyrir börn. Ég tók símann minn

inn í þvottahús hjá mömmu og pabba til þess að taka upp laglínuna. Ég söng einhverjar spuna setningar svo að ég ætti upptökuna af laglínunni. Það sem er sérstakt við þessa laglínu er að ég gleymdi henni aldrei eftir að ég tók hana upp. Þegar líða fór á samstarfið hjá mér og Mána ákvað ég að raula fyrir hann laglínuna mína og spyrja hvort að þetta gæti ekki orðið lag í sögunni. Mána leyst vel á laglínuna og við vorum sammála um að hún væri hin fullkomna laglína þegar að Ósk fer að langa til að finna regnbogann. Þess má geta að setningarnar sem ég söng inn á upptökuna voru hluti af texta sem ég gat síðan notfært mér við textasmíðarnar. Það var skemmtileg tilviljun þar sem ég hafði enga hugmynd um hvernig verkefnið yrði á þeim tíma sem ég tók hana upp.

- Lag 3 -Velkomin í Regnbogaland

Velkomin í Regnbogaland er söngur Glóeyjar Gulu. Lagið er sungið þegar Ósk er komin til Regnbogalands og kynnist fyrsta litnum. Glóey sannfærir Ósk um að þær geti fundið regnbogann saman og að hún þurfi ekkert að óttast. Í laginu er Glóey að bjóða Ósk velkomna í Regnbogaland. Hún syngur um landið og að nú skuli þær finna regnbogann en Glóey vísar leiðina þar sem hún þekkir landið manna best. Einnig syngur hún um einkennislit sinn sem er gulur og tengir það við blómin og sólina. Í öðru erindinu kynnir Glóey hina litina til leiks og gefur okkur örlitla innsýn í þeirra hlutverk í sögunni. Mér fannst mikilvægt að byggja þannig upp spennu hjá Ósk og börnunum sem hlusta, eftir því að fá að kynnast hinum litunum. Í textanum er einnig tekið fram að í Regnbogalandi sé sungið, dansað og faðmast, sem er vissulega stór hluti af sögunni. Það sem einkennir lagið er grípandi laglína og það gefur til kynna að það sé gott að vera í Regnbogalandi. Til þess að ná því fram þarf að vera ákveðinn léttleiki yfir laginu því að þarna gerast alvöru ævintýri.

- Lag 4 - Næturljóð

Flest börn og foreldrar kunna lagið *Dvel ég í draumahöll úr Dýrunum í Hálsaskógi* og hafa hlustað ótal sinnum á lagið. Strax í upphafi var ég ákveðin í að hafa rólegt lag í verkefninu sem gæti verið næturljóð sungið að kvöldi til í sögunni. Sú ákvörðun að búa til rólegt lag var líka eitthvað sem að ég var búin að taka ákvörðun um áður en ég vissi í hvaða átt verkefnið ætti eftir að leiða mig. Máni og ég ræddum möguleikana á rólegu lagi á fyrsta fundinum þar sem ég nefndi þá staðreynd að flest vögguljóð eru foreldrum kærkomin. Börn tengja vögguvísur gjarnan við svefn og ef tónlistin er þess eðlis að veita slökun fannst mér mikilvægt að tengja það saman. Enda er orðið afar vinsælt nú til dags að svæfa börnin sín með rólegri tónlist á streymisveitunni Spotify.

Ég vildi leggja áherslu á fallegan og hugljúfan texta sem myndi koma inn á þakklæti og mikilvægi svefns. Ósk syngur lagið fyrir Rabba og Glóeyju að kvöldi til þegar að máninn skín, Rabbi tjáir þeim að svefn sé alveg óþarfi og þau gætu farið strax af stað að leita að regnboganum. Það sem að einkennir tónsmíðar lagsins og uppbyggingu sérstaklega er að það er ekkert endurtekið erindi né viðlag. Erindið, brúin og viðlag kemur aðeins fyrir einu sinni og byggir eina heild.

- Lag 5 - Töfraskógurinn

Á þessum stað í sögunni eru Rabbi, Glóey og Ósk búin að hitta Gretti Græna sem hafði falið sig fyrir utan töfraskóginn í felulitum en þau stíga óvart á hann og hann hrekkur upp. Þau hafa náð að sannfæra hann um að hjálpa þeim að komast í gegnum töfraskóginn. Grettir er nefnilega sá eini sem veit hvar allar hætturarnar leynast í skóginum. Gretti langar ekkert sérstaklega að fara hinum megin við skóginn af því þar geta tekið við nýjar hættur en hins vegar langar hann líka að finna regnbogann. Dygðin hans er hjálpsemi svo hann finnur sig knúinn til þess að hjálpa þeim.

Ég og Máni vildum ná fram ævintýralegu lagi sem gefur sterklega til kynna að það sé spennandi verkefni að finna leiðina út úr skóginum. Það sem þarf að gerast svo að þau komist í gegnum skóginn er að fylgja Gretti en samt kemur það fljótlega í ljós að saman geta þau fundið leiðina út. Samstaða er rauður þráður í gegnum söguna og þau þurfa alltaf að hjálpast að, sérstaklega í töfraskóginum. Ég vildi fanga ævintýrið í töfraskóginum og þar leynast ótal dýr sem að Arnar Dan, leikari fangar svo fagmannlega með leik sínum í laginu. Ásamt því að finna leiðina út gefur textinn til kynna hvernig leiðin gengur fyrir sig og þar spilar ímyndunaraflið líka stóran þátt.

- Lag 6 – Skviss, skvass, skvúss!

Eftir töfraskóginn elta þau stíginn og koma að risastóru fljóti. Það er stór brú sem litirnir sjá og ætla sér beinustu leið yfir. Bella bláa kemur hlaupandi að þeim og biður þau um að fara ekki yfir þar sem brúin er gömul og fljótið stórhættulegt með fiskum og öðrum dýrum. Eftir samtali litanna sannfæra þau Bellu um að slást í för með sér yfir fljótið og hjálpa þeim að finna regnbogann. Bella bláa þarf að sýna mikið hugrekki til þess að fara yfir fljótið þar sem að hún er fullviss um að hún kunni ekki að synda. Litirnir eru búnir að sannfæra hana um að þetta verði allt í lagi og að þau muni alltaf hjálpa henni yfir fljótið, eins og segir í laginu: „Syndum saman yfir fljótið, þetta verður ekki flókið.“ Með því að leggja áherslu á dygðina hennar Bellu ákvað ég að sýna fram á það í textanum: „Sýnum hugrekki, já ég og þú.“ Ég

og Máni vorum sammála um að það væri mikilvægt að koma því til skila að þetta væri ferðalag yfir fljótið og þess vegna heyrast hljóð í vatninu og þessi setning er sungin „Skviss, skvass, skvúss.“

Lag með áberandi takti sem veldur því að það er erfitt að sitja og hlusta. Þetta er lagið sem fær alla til þess að standa upp og dilla sér í takt við tónlistina. Í laginu eru taktar þar sem er ekki sungið svo að það gefur rými til þess að hafa dansspor eða skapandi dans á milli erinda.

- Lag 7 – Brostu Frosti

Á þessum tímapunkti í sögunni veltur allt á Frosta fjólbláa til þess að þau geti fundið Regnbogann. Frosti er rosalega þrjóskur og neitar að brosa. Hann er svo þungur á brún af því að ekkert hefur sést til sólar né regnbogans óralengi. Lagið er með áberandi takt í bakgrunn sem lætur það líða áfram en á sama tíma á samtál sér stað á milli persónanna. Þar sem samtál drífur söguna áfram í gegnum allt lagið þurfti að vera mjög skýr texti um það sem er að gerast í sögunni. Frosti er afgerandi persóna og ætlar ekki að slást í för með þeim fyrst enda er hann þrjóskur og þver. Hann fullvissar þau um að hann sé búinn að leita óralengi og að þetta sé einfaldlega ómögulegt, þau séu örugglega að reyna að skrökva að honum. Litirnir reyna að fá Frosta til þess að brosa en ekkert gengur. Að lokum eftir langar samræður bendir Ósk Frosta á að brosið búi innra með honum og þá bregðast tónlistin og Frosti við með viðeigandi hætti, það fer að birta til og honum líður betur.

Lokaorð

Ferlið við gerð Regnbogalands hefur verið mér afar lærdómsríkt. Mitt markmið var að skapa nýja íslenska barnatónlist og nýja barnasögu sem væri til þess fallið að efla hreyfifærniþroska barna, auka ímyndunarafl þeirra og um leið valdefla börn við hlustun á efninu. Ég vil að börn sjái að þeim séu allir vegir færir og þau þrói með sér sjálfstæði, frumkvæði og hugrekki til að taka ákvarðanir t.d. að láta drauma sína rætast en sjái um leið hvað samstaða er mikilvæg, sem er jú boðskapur sögunnar. Ég hlakka mikið til að miðla efninu áfram til barna og finna því þann farveg sem það á skilið. Það var ótrúlegt að fylgjast með verkefninu þróast og sjá það stöðugt taka á sig nýja og nýja mynd. Ferðalagið hófst með hugmynd að nýrri tónlist. Því næst byrjuðum við að heyra laglínur, yfir í að Máni fór að vinna með hljóðfæri sem passa við lögin. Síðan voru það persónur Regnbogalands sem fóru að öðlast líf í gegnum tónlistina

og samtölin og hljóð fóru að þróast í kjölfarið. Á endanum voru lögin farin að mynda eina heild. Þetta heildstæða ferli markaði leitina að regnboganum. Tónlist Regnbogalands er ætlað að fanga athygli þeirra sem hlusta, efla íslenska tungu, virkja ímyndunaraflið og efla hreyfiproska. Að lokum er það tónlistin og sagan sem mynda heildstætt ferðalag með persónum Regnbogalands.

Tónlistin er tilbúin til útgáfu en það er margt sem þarf að hafa í huga áður en efninu verður miðlað til almennings. Vanda verður til verka svo að tilgangurinn með sögunni og tónlistinni skili sér til hlustenda. Nú tekur við áframhaldandi vinna hjá mér og næstu skref verða að setja saman handrit fyrir söguna. Þegar handritið er tilbúið verður hægt að taka upp hljóðbók þar sem öll markmiðin mín koma saman í tónlist og sögu. Til þess að gera plötuumslagið er markmiðið að fá myndskreyti og gera efnið sjónrænt og spennandi. Það samstarf gæti síðan haldið áfram ef til bókaútgáfu kæmi einn daginn og persónur Regnbogalands myndu taka á sig mynd sem gæti hjálpað yngstu börnunum að sjá söguna fyrir sér.

Það er ekki nóg að vera með gott efni í höndunum og halda að það öðlist líf sjálfkrafa. Til þess að ná markmiðinu þarf að miðla efninu til barna og gera það aðgengilegt fyrir foreldra. Markaðssetning verður að vera vönduð svo efnið vekir eftirtekt. Sá þáttur er að mínu mati mikilvægur í þessu ferli og á það til að gleymast. Foreldrar hafa mikið að segja um hlustun yngstu barnanna og þess vegna er mikilvægt að efnið sé aðgengilegt og vel auglýst.

Framtíð Regnbogalands er björt. Sólin er byrjuð að skína og ævintýrið er rétt að byrja. Ég ætla mér að búa til dansa við lögin og kenna þá sjálf en einnig væri hægt að búa til danskennsluefni sem leikskólakennarar gætu nýtt sér í sínu starfi og leitt börnin í gegnum Regnbogaland. Þannig gætu kennarar ýtt undir sköpun, valdeflingu, hreyfingu og tónlist í sínu starfi. Stærsti draumurinn er að búa til söngleik þar sem börn geta fengið að sjá og upplifa leikhústöfra Regnbogalands því efnið er hannað þannig að börn geti verið virkir áhorfendur í söng og tali. Ef til þess kæmi langar mig að bæta við lögum með Mána, Aría appelsínugula gæti fengið sína rödd með lagi um sköpun og Ósk gæti sungið um sjálfstraust og draumana sína þegar hún verður stór.

Sköpunarferlið hefur valdeflt mig, kennt mér að hlusta á innsæið, prófa nýja hluti og leyft mér að skapa heim sem tengir tónlistina, dansinn og valdeflingu saman. Ég mun halda áfram að miðla því sem ég tel mig hafa fram að færa og opna augu fólks fyrir mikilvægi sköpunar í leik og starfi. Það býr barn innra með okkur öllum. Barnið í mér horfir fram á

vegin og segir „vertu hugrökk og taktu skrefið, þakkaðu fyrir tækifærin og eltu þína drauma sama hvað.“ Eitt er víst að leitin að regnboganum endar ekki hér.

„Everything great that ever happened in this world happened first in somebody's imagination.“

- *Astrid Lindgren*

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. (2013). Almennur hluti. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Aðalnámskrá leikskóla. (1999). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Áhrif lita. (e.d.). Sótt af <http://skrif.hi.is/ken203g13-08/litafraedi/ahrif-lita/>
- Ása Helga Ragnarsdóttir og Rannveig Björk Þorkelsdóttir. (2010). Skapandi nám í gegnum leiklist. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/006.pdf>
- Bamford, A. (2011). List- og menningarfræðsla á Íslandi. Reykjavík: Mennta- og Menningarmálaráðuneyti.
- Bára Huld Beck. (2017, 11 febrúar). Lífir íslenskan snjalltækjaöldina af? Kjarninn. Sótt af <https://kjarninn.is/skyring/2017-02-08-lifir-islenskan-snjallsimaoldina-af/>
- Brown, B. (2010). The power of vulnerability. Sótt 29. apríl 2021, af https://www.ted.com/talks/brene_brown_the_power_of_vulnerability
- Gromko, J.E. (2005). The Effect of Music Instruction on Phonemic Awareness in Beginning Readers. *Journal of Research in Music Education*, 53(3), 199-209. Doi: 10.1177/002242940505300302
- Guðmundur Finnbogasons. (1903). Lýðmenntun: Hugleiðingar og tillögur. 2. útgáfa. Reykjavík: Rannsóknarstofnun. Kennaraháskóla Íslands
- Guðmundur Magnússon. (2007). Kenna má mannkosti og dyggðir. Mbl.is. Sótt 18. apríl 2021, af <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1637661/>
- Helga Rut Guðmundsdóttir. (2013). Tónlistarþroski ungbarna og tónlistaruppeldi: Yfirlitsgrein. Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérrit 2013. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/004.pdf>

- Íslensk málnefnd (ritstjóri). (2009). Íslenska til alls: Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009 (2. útg). Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Joyce, M. (1980). First steps in teaching creative dance to children. United States of America: Mayfield publishing company.
- Kolbrún Þ. Pálsdóttir. (2017). Um siðferðis- og skapgerðarmenntun: Á óformlegt nám erindi inn í skóla? Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: Sérarit 2017. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2017/menntavika_2017/005.pdf
- MacDonald, R., Kreutz, G. & Mitchell, L. (ritstjórar). (2013). Music, health, and wellbeing. Oxford University Press.
- Máni Svavars tilnefndur til Emmy-verðlaunanna. (2007, 16. mars). Mbl.is. Sótt af https://www.mbl.is/folk/frettir/2007/03/16/mani_svavars_tilnefndur_til_emmy_verdlaunanna/
- Robinson, K. (2009). The Element: How finding your passion changes everything. New York: Penguin Group.
- Sólveig Þórðardóttir. (2019). Að læra að vera önnur manneskja: Félagslegur ávinningur söngleikjapáttöku (meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/34088>
- Vogler, C (2012). Ferð höfundarins. (Sigurgeir Orri sigurgeirsson, þýð.). Reykjavík: Almenna bókafélagið. (Frumútgáfa 2007).
- Wood, D & Grant, J. (1997). Theatre for children. London: Faber and Faber.

Myndaskrá

Mynd 1: Regnbogaland fyrstu drög [stafræn mynd]. (Höfundur, 2021).

Viðauki - Lagatextar

Lag 2

Regnbogann finnum

Lag: Guðný Ósk Karlsdóttir

Útsetning : Máni Svavarsson

Texti : Guðný Ósk Karlsdóttir

Eitt sinn var hann hér

Ég vil vita hvert hann fór

Veistu hvar hann er?

Getum við fundið hann saman

Ég treysti því og trúi þér

Regnbogann nú finnum

Treystu kæri vinur

Sama hvað á dynur

Ég mun fylgja þér

Lag 3

Velkomin í Regnbogaland

Lag: Máni Svavarsson

Texti: Guðný Ósk Karlsdóttir

Velkomin hingað í Regnbogaland

Hér gerast ævintýr

Komdu með mér og sjáðu litina

Ég vísa leiðina

Já ég er gul eins og blómin

Glói eins og sólin

Sumar, vetur, vor og haust

Hér er sungið og faðmast

Hoppað og dansað

Finum saman regnbogann!

Rabbi og Grettir þekkja töfraskóginn

Þeir geta hjálpað þér

Frosti og Bella og Aría

Saman vísa leiðina

Já ég er gul eins og blómin

Glói eins og sólin

Sumar, vetur, vor og haust

Hér er sungið og faðmast

Hoppað og dansað

Finum saman regnbogann

Lag 4

Næturljóð

Lag: Máni Svavarsson

Texti: Guðný Ósk Karlsdóttir

Húmar að og máninn skín

og ég hugsa hlýtt til þín

Syngjum saman næturljóð

Brátt nú dýrin verða hljóð

Sjá, stjörnuþokuna

Svefninn læðist að

Sækjum styrk inn í nóttina

Þökkum fyrir það

Á morgun, þá förum við á kreik

Á morgun, verum hvergi smeyk

Á morgun, sofum vært og rótt

Á morgun, við skulum sof í alla nótt

Lag 5

Töfraskógurinn

Lag : Máni Svavarsson

Texti : Guðný Ósk Karlsdóttir og Máni Svavarsson

Þið verðið öll að hlusta vel

enda getur allt gerst hér

Varúð! Þarna er skel!

Munið, að fylgja mér

Lokum okkar augum nú

Stöndum saman, höfum trú

Sterk, við rötum alla leið

Saman, leiðin verður greið

Skógurinn er stór, skógurinn er hér

Saman skulið fylgja mér

Töfraskógurinn, hann er minn og þinn

Saman getum unnið öll sem eitt

Við verðum að hoppa yfir á

áfram, og síðan á ská

Tvö skref áfram nú

Hönd í hönd - ég og þú!

Lokum okkar augum nú

Stöndum saman, höfum trú

Sterk, við rötum alla leið

Saman, leiðin verður greið

Skógurinn er stór, skógurinn er hér

Saman skulið fylgja mér

Töfraskógurinn, hann er minn og þinn

Saman getum unnið öll sem eitt

Sjáið, þarna er stígurinn

Lokið ykkar augum nú, einn tveir þrír og
saman snú og leiðin verður greið!

Lag 6

Skviss Skvass Skvúss

Lag : Máni Svavarsson

Texti : Guðný Ósk Karlsdóttir og Máni Svavarsson

Stígum öll skref, áfram í takt

Við megum ekki fara, allt of hratt

Hægri saman snú, frjósum nú!

Vöðum gegnum strauminn, ég og þú

Skviss, skvass, skvúss

Förum saman yfir fljótið

Varlega hér yfir grjótið

Skref fyrir skref, já eitt í einu

Þarna ég sé, leiðina beinu

Áfram eitt skref - til baka nú

Sýnum hugrekki, já ég og þú

Hendur upp í loft, allir í frost!

Stígum gegnum strauminn skrefin þrjú

Skviss, skvass, skvúss

Við sjáum nú, leiðina beinu!

Förum saman yfir fljótið

Varlega - hér yfir grjótið

Skref fyrir skref, já eitt í einu

Núna ég sé,

Syndum saman yfir fljótið

Þetta verður ekki flókið!

Einn tveir þrír fjór , já einn í einu

Við sjáum nú leiðina beinu!

Lag 7

Frosti brostu!

Lag: Máni Svavarsson

Texti : Guðný Ósk Karlsdóttir, Máni Svavarsson og Arnar Dan Kristjánsson

Ósk: Frosti þú ert dálítið súr

Frosti: Nei! Hvaða alhæfing er þetta?

Grettir græni: Æ, fékkstu engan miðdegis lúr?

Frosti: Jújú eða ég er eignlega ekki vaknaður

Ósk: Vá frosið snjóhús! Áttu heima hér?

Frosti: Ehh neineinei eða jú kannski, af hverju ert þú að pæla í því?

Ósk: Frosti,við erum voða góð

Frosti: Uuu á bragðið þá? Neinei takk ómögulega, ég borða ekki börn

Grettir græni: En Frosti, við saman fetum slóð

Frosti: Ha? Nei hvaða slóð , hvaða slóð ertu að tala um ?

Glóey Gula:

Ekkert hefur sést til sólar

skelfing heillar þjóðar

Frosti, reyndu nú að brosa

Ekki ljúga þú minnir mig á gosa

Frosti:

Ég leitað hef jú óralengi

Hættið að spila á mína strengi

Regnboginn nú horfinn er

Svo ekki reyna að ljúga að mér

Bella bláa: Frosti komdu í göngutúr

Frosti: Nei! En takk samt fyrir að spyrja

Ósk: Frosti, við þurfum hitaskúr

Frosti: Ertu brjáluð? Nei hér er kalt og gott þannig á það að vera.

Ósk: OHH frosti, þú skilur ekki neitt

Frosti: Víst, ég skil það sem ég vil skilja ,skiluru það

Bella bláa: Frosti, við þurfum bara bros

Frosti: Bros, ehh nei alls ekki

Rabbi rauði: Bros sem breytist í gos.

Frosti:

Nei heyrðu vinur minn þarna ertu nú bara að ríma rímsins vegna.

En heyrðu, ég skal koma með ykkur, en ég kem ekki til með að brosa.

Ósk: Æ Frosti gerðu það, pínulítið bros

Frosti: Nei

Bella bláa: Æ Frosti koma svo sýndu mér hvað þú getur

Ósk: Pínulítið bros

Frosti:

Svo bros mitt mun mögulega lýsa

Geisla fagra, regnboginn mun rýsa.

Nei, ekki gera grín í mér

Ósk: En Frosti! Brosið býr innra með þér

Frosti:

Þetta var mjög fallega sagt, mjög fallett

Heyrðu hvað er að gerast? Hvað er að gerast?

Þetta er mjög skemmtilegt tilfinning, takk fyrir, vá!